

Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2021-2022

Í skýrslu stjórnar verður fjallað um það helsta í starfsemi Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) á liðnu ári. Samkvæmt lögum félagsins er hlutverk þess að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora, standa vörð um réttarstöðu þeirra og efla samtakamátt og samheldni félagsmanna. Þá er það einnig hlutverk félagsins að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan. Loks er félagið málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum. Í skýrslunni er stiklað á stóru og helstu verkefni nefnd. Stjórnin telur skýrsluna endurspeglar þessi hlutverk félagsins.

Félagsmenn

Virkir félagsmenn í FPR voru í mars 2022 samtals 385. Sex í Hólaskóla, háskólanum á Hólum í Hjaltadal, sex í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, 24 í Háskólanum á Akureyri og 349 í Háskóla Íslands. Karlar voru alls 245 (63,5%) og konur 140 (36,5%). Meðalaldur félagsmanna var 58 ár.

Aldursdreifing félagsmanna	Fjöldi	Karlar	Konur
<40 ára	5	3	2
40-49 ára	76	46	30
50-59 ára	121	81	40
60-69 ára	183	115	68

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2021-2022 skipuðu:

Rúnar Vilhjálmsson HÍ, formaður.

Þórólfur Matthíasson HÍ, varaformaður.

Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, gjaldkeri.

Magnús Gottfreðsson HÍ, meðstjórnandi.

Ólafur Páll Jónsson HÍ, meðstjórnandi.

Grétar Þór Eypórsson HA, varamaður.

Ingibjörg Svala Jónsdóttir HÍ, varamaður.

Oddný G. Sverrisdóttir HÍ, varamaður.

Trúnaðarstörf

Trúnaðarmenn félagsins eru skipuð stjórn félagsins, en samninganefnd er skipuð formanni, varaformanni og meðstjórnendum félagsins. Þá hafa trúnaðarmenn verið kjörnir við Landbúnaðarháskóla Íslands sem og við Hólaskóla. Þórólfur Matthíasson var skipaður í nýja matskerfisnefnd og Hólfríður Garðarsdóttir varamaður. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi HÍ 2020-2022 er Þórólfur Matthíasson og varamaður Hólfríður Garðarsdóttir. Fulltrúar félagsins í Starfsþróunarsjóði prófessora eru Gísli Már Gíslason, sem jafnframt er formaður og Aðalheiður Jóhannsdóttir, meðstjórnandi. Fulltrúi félagsins í siðanefnd HÍ frá 1. janúar 2020 til 10. febrúar 2022 var Sólveig Anna Bóasdóttir. Fulltrúi félagsins í siðanefnd frá 1. mars 2022 til 31. desember 2022 er Amalía Björnsdóttir. Skoðunarmenn reikninga félagsins eru Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins og Starfsþróunarsjóðs prófessora er Kristín Færseth, framkvæmdastjóri í 60% starfi.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í Bændahöllinni við Hagatorg (2. hæð í suðvesturenda Hótelis Sögu). Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-13.

Stjórnarstörf

Á starfsárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir í FPR. Þá voru haldnir fundir með samráðsnefnd háskólaráðs HÍ um kjaramál og rektor HÍ. Einnig voru haldnir margir fjarfundir með rektorum og félagsmönnum minni ríkisháskólanna svo ganga mætti frá tilfærslu starfsþátta þar auk fjölda annarra funda. Vegna samkomutakmarkana voru margir þessara funda í formi fjarfunda. Þá var í mars á þessu ári haldinn almennur félagsfundur.

Áskoranir í komandi kjarasamningsviðræðum – kröfugerð

Kjarasamningur félagsins sem undirritaður var hinn 12. desember 2019 rennur út 31. mars 2023. Launatöflur eru hluti af miðlæga kjarasamningnum og komu fjórar launahækkanir til framkvæmda á fyrrgreindu tímabili. Með samningnum varð breyting á uppbyggingu launatöflu prófessora. Frá og með 1. september 2020 fjölgaði launaflokkum prófessora úr sjö í 11. Þá tóku tveir launaflokkar gildi fyrir PI til PIV í stað eins áður. Röðun í launatöflu ræðst af þeim stigum sem metin eru samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna. Þetta hefur í för með sér örari launaflokkanahækkanir samhliða stigasöfnun samkvæmt matskerfi ríkisháskólanna. Launaþróunarferill prófessora verður þar með jafnari en var með fyrra fyrirkomulagi. Þá var sérstaða prófessora viðurkennd í raun með tilfærslu frá kennslu til annarra starfsskyldna.

Helstu áskoranir í komandi kjaraviðræðum eru staða ríkissjóðs og svigrúm háskólanna en erfitt getur reynst að sækja umtalsverðar breytingar á grunnlaunasetningu. Ef kröfur á

vinnumarkaði kalla á frekari launajöfunun munu þær hafa neikvæð áhrif á launaþróun prófessora. Þá hafa stjórnvaldsaðgerðir, t.d. breyting skattkerfis, haft áhrif á ávinning kjarasamninga og geta gert áfram. Aðkoma FPR í þeim efnum er helst í gegnum BHM. Möguleg atriði í kröfugerð FPR eru m.a. prósentuhækkun launa, að verja kaupmátt fastra launa prófessora, að vinna gegn óhóflegu álagi í starfi, áframhaldandi þróun á matskerfinu, að sporna gegn opnum vinnurýmum akademískra starfsmanna og að áfram verði unnið að samræmingu á réttindum prófessora við ríkisháskólana (rannsóknaleyfi, ferðastyrkir og tilfærsla starfsþátta). Þá verður á samningstímanum áfram unnið að samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. 7. gr. samkomulagsins við ríkið um lífeyrismálin kveður á um jöfnun launa. Á samningstímanum þarf að vinna að samræmingu kjara á opinbera og almenna vinnumarkaðinum sem og hvernig bregðast skuli við skertum lífeyrisréttindum nýrra félagsmanna. Stjórn félagsins telur mikilvægt að kjaraviðræður hefjist tímanlega því að fenginni reynslu eru bæði líkur á viðræðuþófi og samningstöfum.

Endurskoðun á matskerfi opinberra háskóla

Í febrúar 2021 skipaði verkefnisstjórn Samstarfsnets opinberu háskólanna sex manna stjórn matskerfis opinberra háskóla. Þórólfur Matthíasson prófessor var skipaður fulltrúi kjarafélaganna. Auk ýmissa reglubundinna verkefna í tengslum við mat á störfum háskólafólks var stjórninni falið að endurskoða matskerfið í heild sinni.

Við endurskoðunina var haft að leiðarljósi að matskerfið yrði gegnsætt og sanngjarnt. Það var gert með því að fækka bilum í kerfinu, skýra forsendur flokkunarinnar og tryggja að allir flokkar matskerfisins væru metnir á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingahefða. Þá hafi við endurskoðunina verið lög áhersla á nýja matsþætti sem flestir varða kennslu, stjórnun og þjónustu. Með þessu er brugðist við gagnrýni um að matskerfið hafi fyrst og fremst horft til framlags á sviði rannsókna. Í byrjun október sendi stjórn matskerfis frá sér ósk um álit umsagnaðila um tillögur um breytingar á matskerfinu.

Í umsögn félagsins dags. 19. nóvember sl. um tillögur matskerfisstjórnar kemur fram að tillögur að breytingum á matskerfinu séu að flestu leytir til bóta. Þó hafi stjórnin haft nokkrar athugasemdir við tillögurnar og það sem í þær vantaði og eins hefur stjórnin gert athugasemdir við notkun háskólanna á matskerfinu, m.a. í framgangskerfi skólanna og við úthlutun fjár innan þeirra. Vegna rannsókna þótti FPR m.a. ástæða til að skoða tillögur nefndarinnar um framlagðan lista yfir alþjóðleg toppforlög, að ekki væru lagðar til breytingar á fjölbreyttareglu, og skerðingareglu vegna fjölda tilvitnana. Vegna kennslu taldi stjórnin að það þyrfti að skýra og einfalda atriði í tengslum við umsókn í kennsluakademíuna, skýra betur stig þau sem gefin eru fyrir kennslutækninámskeið og taldi klént að leiðbeining BS og BA nema gefi aðeins hálf stig eins og lagt var til. Vegna stjórnunar hefur stjórn félagsins áður bent á þann annmarka að stjórnun kennara innan deilda hefur ekki verið metin til stiga og að of mikil áhersla hefur verið á embætti og miðlæg nefndarstörf akademískra starfsmanna. Vegna þjónustu gerir stjórnin m.a. athugasemdir við að ekki séu gefin stig fyrir ritrýni og að sérstök viðurkenning sem akademískur starfsmaður hlýtur frá viðurkenndum vísindafélögum fyrir vísindastörf sín eða vísindamiðlun fær ekki mat í matskerfinu. Umsögn félagsins vegna endurskoðunar matskerfisins má sjá í heild sinni á heimasíðu félagsins www.professorar.hi.is.

Endurskoðun á lögum félagsins

Á þessu starfsári hafa lög félagsins verið í endurskoðun með það að markmiði að skýra hlutverk félagsins af meiri nákvæmni. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru þær að í stað fimm stjórnarmanna og þriggja til vara er lagt til að stjórnin verði skipuð átta mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Annað árið skal kjósa formann sérstaklega auk þriggja meðstjórnenda til tveggja ára. Hitt árið skal kjósa fjóra meðstjórnendur til tveggja ára. Ástæða þessarar tillögu er að í reynd hefur lítill greinarmunur verið gerða á aðalmönnum og varamönnum annar en sá að aðalmenn hafa jafnframt verið í samninganefnd og þeir kosnir á aðalfundi. Í breytingatillögunni er lagt til að stjórnin skipi í samninganefnd. Þá er tillaga um að á aðalfundi verði kosin þriggja manna kjörnefnd til þriggja ára. Hlutverk kjörnefndar er að undirbúa og halda utan um stjórnarkjör og gæta þess að stjórn félagsins endurspegli félagið. Tillögur um lagabreytingar verða sendar félagsmönnum í aðalfundarboði og kynntar og bornar undir atkvæði á aðalfundi félagsins í maí. Til samþykktar lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Afsögn siðanefndar

Fulltrúi í siðanefnd Háskóla Íslands sem tilnefndur var af FPR sendi í febrúar sl. erindi til stjórnar FPR með yfirlýsingu um samhljóða afsögn siðanefndar Háskóla Íslands. Ástæða afsagnarinnar er sú að með því að tekið hafi verið fram fyrir hendur sjálfstæðrar siðanefndar hafi trúnaðarbrestur orðið milli nefndarinnar og rektors Háskóla Íslands. Siðanefnd taldi kærú sem henni barst vera tæka til umfjöllunar, en rektor taldi málið vera utan lögsögu nefndarinnar þar sem hinn kærði væri ekki í ráðningarsambandi við Háskólann þar sem viðkomandi er í launalausú leyfi. Í framhaldinu barst ósk frá rektor um tilnefningu fulltrúa FPR í nýja siðanefnd til þriggja ára. Á stjórnarfundum félagsins var þetta mál á dagskrá og í því sambandi var rætt um hlutverk og sjálfstæði siðanefnda og hlutverk rektors í því samhengi. Jafnframt lýsti stjórn félagsins yfir áhyggjum af sjálfstæði siðanefnda og taldi þörf á endurskoðun á regluverki siðanefndar. Rektori voru tjáðar niðurstöður stjórnarfundarins og um mikilvægi þess að línur yrðu skýrar og ótvíæðar í verkaskiptingu og samskiptum rektors og nefndarinnar með sjálfstæði nefndarinnar í huga. Rektor lofaði að tekið yrði mið af ábendingum félagsins og siðareglurnar yfirfarnar næsta haust.

Samræming vinnustunda

Stjórn félagsins hefur lengi kallað eftir að vinnustundir í deildum og sviðum Háskólans verði samræmdar. Reiknilíkanið sem lagt er til grundvallar við fjárveitingu hins opinbera til skólans og deililíkan sem stuðst er við við skiptingu fjármuna milli sviða veldur því að kennsla er metin mishátt eftir því á hvaða sviði hún fer fram. Í janúar 2021 skipaði rektor í starfshóp um greiðslufyrirkomulag kennslu með tilliti til útreiknings að baki námskeiðum við HÍ. Stefnt var að því að einfalda kerfið frá því sem nú er. Starfshópurinn hefur skilað áfangaskýrslu, en vegna umfangs verkefnisins er þessari vinnu ólokið.

Tilfærsla starfsþátta

Samhliða miðlægum kjarasamningi við ríkið gerði FPR samkomulag um viðauka við stofnanasamninga ríkisháskólanna. Í viðauka við stofnanasamning Háskóla Íslands komst félagið að skriflegu samkomulagi við háskólarektor um lækkun á árlegri kennsluskyldu. Lækkunin kom til framkvæmda hinn 1. janúar 2021 og felur í sér að kennsluskylda prófessora lækkar í áföngum um 30 til 160 stundir á ári frá Prófessor II til Prófessora VII. Ekki náðist samkomulag um tölusetta lækkun kennsluskylda prófessora við aðra ríkisháskóla en Háskóla Íslands við undirritun kjarasamningsins. Þar sem stjórn félagsins telur brýnt að jafna kjör og starfsskilyrði prófessora allra ríkisháskólanna hefur stjórnin haldið áfram viðræðum við minni ríkisháskólana á samningstímabilinu. Í apríl 2021 náðist samkomulag við Háskólann á Akureyri um gildistöku tilfærslu milli starfsþátta frá og með 1. ágúst 2021. Undir lok síðasta árs náðist síðan samkomulag við Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar tekur tilfærslan gildi 1. ágúst 2022. Tilflutningur starfsþátta minni ríkisháskólanna er með sambærilegum hætti og um var samið við Háskóla Íslands.

Enn er ekki komin mikil reynsla af tilfærslu starfsþátta en stjórn félagsins hefur óskað eftir því að samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál ítreki við deildir Háskólans hvernig standa skuli að framkvæmd tilfærslunnar.

Starfsþróunarsjóður prófessora

Vegna heimsfaraldursins bárust Starfsþróunarsjóði prófessora (SP) aðeins 53 umsóknir árið 2021. Til samanburðar var fjöldi umsókna 194 árið 2019. Samkvæmt starfsreglum Starfsþróunarsjóðs prófessora geta emerítar sem vinna enn við rannsóknir á vegum háskóla síns sótt um styrk til ráðstefnuferða í tvö ár eftir að þeir fara á eftirlaun. Vegna heimsfaraldursins var ákvæði til bráðabirgða sett í starfsreglur sjóðsins í febrúar 2021 þar sem sjóðnum var heimilt að víkja tímabundið frá tímamarki á umsóknum emeríta. Ákvæði gildir til 1. mars 2023. Stjórn sjóðsins hefur einnig haft til skoðunar hvort lengja eigi tímamark umsókna emeríta. Skilyrði fyrir styrkveitingu hefur frá upphafi verið eins árs aðild að félaginu/sjóðnum. Þar sem óánægju hefur gætt meðal nýrra félagsmanna, sem flestir hafa hlotið framgang úr starfi dósents í starf prófessora, ákvað stjórnin að taka þetta mál fyrir. Við framgang má segja að nýir félagsmenn hafi lent milli skips og bryggju þar sem þeir eiga ekki lengur rétt á styrk úr Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara og þurftu því að bíða í eitt ár áður en réttur skapaðist til að sækja um styrk til SP. Í október 2021 samþykkti stjórn félagsins tillögu SP um að full réttindi skapist strax við ráðningu í starf prófessora. Breytingin gildir frá og með 1. júlí 2021. Stjórn sjóðsins telur að með þessu sé verið að styrkja stöðu prófessora um leið og þeir eru boðnir velkomnir í Félag prófessora við ríkisháskóla.

Félagsfundur

Boðað var til félagsfundar í mars sl. Á dagskrá var umræða um kröfugerð FPR vegna komandi kjarasamninga, endurskoðun matskerfisins og drög að breytingum á lögum félagsins kynnt. Þá var einnig á dagskrá framtíðarskipan starfsaðstöðu – opin vinnurými. Stjórn

félagsins hefur lýst yfir andstöðu við að fastráðnum kennurum verði boðin aðstaða í opnum rýmum eða hálfopnum rýmum og að þeir eigi ekki kost á varanlegri aðstöðu í lokuðum vinnurýmum. Í samtölum FPR við stjórnslu HÍ hefur komið fram að skólinn telji sig í aðalatriðum bundinn af nýjum viðmiðum hvað varðar nýjar byggingar og endurhönnun eldri bygginga skólans. Fundarmenn voru á einu máli um mikilvægi þess að sporna við fótum varðandi þessi áform. Að umræðum loknum um málið var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Mikilvægt er að ríkisháskólarnir á Íslandi njóti akademísks frelsis og sjálfstæðis gagnvart stjórnvöldum um innra skipulag og ráðstöfun þess húsnæðis sem þeir hafa til afnota.

Fundurinn lýsir eindreginni andstöðu við hugmyndir um opin vinnurými og sveigjanlegar starfsstöðvar prófessora og annarra akademískra starfsmanna ríkisháskólanna.

Prófessorum og öðrum akademískum starfsmönnum í föstu starfi er nauðsyn að hafa sérstaka fasta vinnuástöðu í lokuðu skrifstofurými. Þeir þurfa gott og samfellt næði til starfa við vinnu sína með stjórnslu-, kennslu- og rannsóknargögn. Jafnframt þurfa þeir iðulega að kenna á skrifstofum sínum og eiga samskipti við einstaklinga í einrúmi. Vinnugögnin og samskiptin geta verið persónuleg og viðkvæm.

Þetta eru megin ástæður þess að reynsla annarra háskóla af opnum rýmum og sveigjanlegum starfsstöðvum í akademísku umhverfi eru neikvæð fremur en jákvæð. Vinna í opnum eða hálfopnum rýmum ásamt flutningi milli starfsstöðva eru til þess fallin að auka álag og vanlíðan í starfi og draga úr árangri og afköstum í vinnu.

Fundurinn gerir kröfu til þess að háskólayfirvöld séu málsvari akademískra starfsmanna í þessum eignum gagnvart stjórnvöldum.

Norrænt samstarf

Norræna fundinum sem halda átti í Danmörku í júní 2020 hefur verið frestað í tvö ár vegna COVID-19 faraldursins. Þess í stað hafa verið haldnir fjarfundir, nú síðast í desember sl. þar sem m.a. staða háskóla var rædd og dagskrárefni fyrir næsta fund. Boðað hefur verið til næsta fundar í Danmörku í júní nk.

Málefni emeríta

Stjórn félagsins hefur boðið *professores emeriti* til árlegs fundar og kvöldverðar í aðdraganda aðventu. Á þessum fundum er hefðbundin dagskrá með þeim hætti að formaður félagsins fer yfir störf liðins árs og rithöfundur er boðið að koma og kynna nýja bók sína. Þá eru málefni sem tengjast emerítum tekin til umræðu sem og ýmis kjara- og réttindamál. Af skiljanlegum ástæðum hafa þessir fundir fallið niður í tvö ár. Sömuleiðis hefur ákvæði til bráðabirgða um að víkja tímabundið frá tímamarki á umsóknum emeríta verið sett í reglur Starfsþróunarsjóðs prófessora. Eins og fram kom hér að framan hefur stjórn sjóðsins einnig haft til skoðunar hvort lengja eigi tímamark umsókna emeríta. Stjórn félagsins ákvað á sínum tíma að félagsmenn gætu óskað eftir að vera áfram á póstlista félagsins þrátt fyrir að hafa látið af störfum en beiðni þar um þarf að berast skrifstofu félagsins.

BHM

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur meðal annars það hlutverk að móta stefnu í sameiginlegum málefnum félagsmanna sinna. Formannaráð BHM fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli aðalfunda og kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári. Ráðinu ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum og veita stjórn aðhald og umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum. Formaður félagsins situr formannaráðsfundi BHM.

Ný stefna var samþykkt á stefnumótunarþingi bandalagsins í febrúar sl. Leiðarljós BHM er að standa vörð um réttindi félagsmanna aðildarféлага sinna. Taka þarf tillit til margra þátta eins og jafnréttis, jafnræðis, aðgengis að menntun, húsnæðisöryggis, heilbrigðis- og félagsþjónustu, umhverfis- og loftlagsmála og atvinnuþátttöku, auk tækifæra til að njóta menningar og lista.

Málefni einstakra félagsmanna

Eins og áður barst skrifstofu félagsins á árinu fjöldi erinda frá félagsmönnum allra ríkisháskólanna. Þá leitar á hverju ári nokkur fjöldi félagsmanna aðstoðar félagsins vegna starfsloka auk annarra réttinda- og/eða kjaramála.

Starfið fram undan

Kjarasamningur félagsins rennur út 31. mars 2023. Því er ljóst að annasamt starfsár er fram undan hjá stjórn félagsins. Eins og fram kom hér í inngangi þá er eitt helsta hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra.

Reykjavík, 17. maí 2022

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla,

Rúnar Vilhjálmsson
formaður